



Prestur:  
*Séra Geir Waage*  
 Organisti:  
*Þórður Sigurðsson*  
 Sellóleikuri/Fiðluleikari:  
*Örnólfur Kristjánsson eða Matthías Stefánsson*  
 Söngur:  
*Félagar úr Karlakór Kjalnesinga*  
 Umsjón útfarar:  
*Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar*

*Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og vinarhug.*

*Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði.*



# Þorsteinn Jóhann Bjarnason

Fæddur 28. júlí 1932  
 Dáinn 10. janúar 2022



Útför frá Grafarvogskirkju  
 fimmtudaginn 27. janúar 2022

## Forspil

Ég kveiki á kertum mínum  
*Davíð Stefánsson - Guðrún Böðvarsdóttir*

## Bæn

Hvert örstutt spor var auðnuspor með þér,  
hvert andartak er tafðir þú hjá mér  
var sólskinsstund og sæludraumur hár,  
minn sáttmáli við guð um þúsund ár.

Hvað jafnast á við andardráttinn þinn?  
Hve öll sú gleði er fyr naut hugur minn  
er orðinn hljómlaus utangátta og tóm  
hjá undrinu að heyra þennan róm,

hjá undri því, að líta lítinn fót  
í litlum skóm, og vita að heimsins grjót  
svo hart og sárt er honum fjarri enn,  
og heimsins ráð sem brugga vöndir menn,

já vita eitthvað anda hér á jörð  
er ofar standi minni þakkargjörð  
í stundareilífð eina sumarnótt.  
Ó alheimsljós, ó mynd sem hverfur skjótt.  
*Halldór Laxness - Jón Nordal*

## Ritningarlestur

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.  
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,  
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.  
Hann hressir sál mína, leiðir mig um rétta vegu  
fyrir sakir nafns síns.  
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,  
því að þú ert hjá mér,  
sproti þinn og stafur hugga mig.  
Þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum,  
þú smyrð höfuð mitt með olíu,  
bikar minn er barmafullur.  
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,  
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.  
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

*23. Davíðssálmur - Margrét Scheving*

## Ritningarlestur

Undir háu hamrabelti  
höfði drúpir lítil rós,  
þráir lífsins vængjavíddir  
vorsins yl og sólarljós.  
Ég held ég skynji hug þinn allan  
hjartasláttinn, rósín mín,  
er kristaltærir daggardropar  
drjúpa milt á blöðin þín.

Æsku minnar leiðir lágu  
lengi vel um þennan stað,  
krjúpa niður, kyssa blómið,  
hversu dýrlegt fannst mér það.  
Finna hjá þér ást og unað,  
yndislega rósín mín.  
Eitt er það sem aldrei gleymist,  
aldrei, það er minning þín.

*Guðmundur G. Halldórsson - Friðrik Jónsson*

## Guðspjall

Húmar að kveldi, hljóðnar dagsins ys,  
hnígur að Ægi gullið röðulblys.  
Vanga minn strýkur blærinn blíðri hönd,  
og báran kveður vögguljóð við fjarðarströnd.  
Ég er þreyttur, ég er þreyttur,  
og ég þrái svefnsins fró.-  
Kom, draumanótt, með fangið fullt af friði og ró.

Syngdu mig inn í svefninn, ljúfi blær.  
Sorgmæddu hjarta er hvíldin jafnan vær.  
Draumgyðjan ljúfa, ljá mér vinarhönd,  
og leið mig um þín töfraglæstu friðarlönd.  
Ég er þreyttur, ég er þreyttur,  
og ég þrái svefnsins fró. -  
Kom, draumanótt, með fangið fullt af friði og ró.

*Jón frá Ljárskógum - Foster*

## Ræða

## Samleikur á orgel og sello/píanó

Kveðjulag frímúrara  
*Valdimar Schiött*

## Bæn og Faðir vor

Nú legg ég augun aftur,  
ó, Guð, þinn náðarkraftur  
mín veri vörn í nótt.  
Æ, virst mig að þér taka,  
mér yfir láttu vaka  
þinn engil, svo ég sofi rótt.

*Sveinbjörn Egilsson - P. C. Krossing 1820*

Ég fel í forsjá þína,  
Guð faðir, sálu mína,  
því nú er komin nótt.  
Um ljósið lát mig dreyma  
og ljúfa engla geyma  
öll börnin þín, svo blundi rótt.

*Matthias Jochumsson - P. C. Krossing 1820*

## Moldun

Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á sléttri grund  
fagurt með frjóvgun hreina  
fyrst um dags morgunstund,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði,  
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,  
í Jesú nafni' eg dey,  
þó heilsa' og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristi krafti' eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hallgrímur Pétursson*

## Blessun

Eftirspil  
Largo  
*G. F. Händel*